

Áhafnatrygging er samsett hóptrygging fyrir útgerð og áhöfn skipa og smábáta sem innifelur fjórar váttryggingar. Slysatrygging tekur til vinnuslysa skipverja sem útgerðarmanni ber að tryggja samkvæmt kjarasamningum og 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Ábyrgðartrygging tekur til skaðabótaábyrgðar útgerðar, farangurstrygging til tjóns á persónulegum eignum skipverja og líftrygging til andláts skipverja. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

1. KAFLI	SLYSATRYGGING	1
2. KAFLI	ÁBYRGÐARTRYGGING ÚTGERÐARMANNS	2
3. KAFLI	FARANGURSTRYGGING	2
4. KAFLI	LÍFTRYGGING	3

**Váttryggðir** í slysatryggingu, líftryggingu og farangurstryggingu eru skipverjar um borð í því skipi sem váttrygging þessi tekur til og ráðnir eru í skipsrúm hjá váttryggingartaka. Váttryggingartaki er **váttryggður** í ábyrgðartryggingu. Í skilmálum þessum merkir „skipið“ það skip eða bát, sem getið er í váttryggingarskríteini. Váttryggingin fellur úr gildi ef skipið er selt eða leigt nema sérstaklega hafi verið samið um annað.

## 1. KAFLI SLYSATRYGGING

### 1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur vegna slyss, er váttryggður verður fyrir við störf um borð í skipinu eða við vinnu í beinum tengslum við rekstur þess sbr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Váttryggður telst ekki vera við störf í frítíma utan heimahafnar skips.

Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist sannanlega án vilja hans. Bætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að sá sem tryggður er missir lífið eða starfsorku sína að nokkru eða öllu leyti.

### 2. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur til váttryggðs ákvarðast í samræmi við ákvæði skaðabótalaga nr. 50/1993 þegar gildandi kjarasamningur mælir fyrir um rétt hans til þess og sérstaklega hefur verið um það samið við félagið.

Skaðabætur frá váttryggingartaka eða bótaskyldum þriðja manni eða greiðslur úr ábyrgðartryggingu þeirra, koma til frádráttar bótum úr slysatryggingunni, svo og bætur sem váttryggður eða aðstandendur hans eiga rétt á úr lögboðnum ökutækjatrýggingum. Heildarbætur skulu þó ekki nema lægri fjárhæð en mælt er fyrir um í 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 samkvæmt því sem nánar greinir hér að neðan.

#### Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku

Verði váttryggður óvinnufær af völdum slyss greiðir félagið dagpeninga þá sem í gildi voru á slysdegi. Dagpeningar eru greiddir eftir að biðtíma lýkur þar til váttryggður verður vinnufær að nýju eða til loka bótatíma. Biðtími reiknast frá upphafi óvinnufærni og greiðast dagpeningar eftir það í hlutfalli við starfsorkumissinn. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja. Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.

Dagpeningar greiðast váttryggingartaka meðan hann greiðir hinum váttryggða laun samkvæmt lögum eða kjarasamningi, en síðan hinum váttryggða.

#### Bætur við varanlegt líkamstjón

Valdi slys váttryggðum varanlegri örorku innan þriggja ára frá slysdegi greiðast bætur á grundvelli þeirrar váttryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdegi.

Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Við mat á örorku skal beitt hlutfallsreglu þegar við á. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%. Örorkubætur greiðast í hlutfalli við váttryggingarfjárhæðina, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% verkar þrefalt. Missir eða bækun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækuninni fyrir slysið. Örorkubætur eru ekki greiddar vegna slysa sem eingöngu valda lýti eða vegna tannbrota. Ef váttryggður andast áður en varanleg örorka er metin greiðast engar örorkubætur.

#### Dánarbætur

Valdi slys dauða váttryggðs innan eins árs frá slysdegi greiðist réttihafa bóta váttryggingarfjárhæð sú sem var í gildi á slysdegi að frádrögnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að váttryggður deyr. Félagið váttryggir ekki börn yngri en 13 ára fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

**3. gr. Mat á afleiðingum slyss**

Örorkumat skal fara fram í fyrsta lagi einu ári frá slysdegi með hliðsjón af ástandi váttryggðs þá. Telji váttryggði eða félagið að afleiðingar slyssins, líkamlegar eða fjárhagslegar, séu þá ekki að fullu komnar fram eða geti breyst getur hvor aðili um sig krafist þess að framkvæmd örorkumats verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið og ber þá að meta afleiðingar slyssins eins og gera má ráð fyrir að þær verði endanlegar. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með lækni meðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber matsmönnum að taka tillit til þess bata, sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér. Vilji váttryggði eða félagið ekki una niðurstöðu örorkumats, sem borist hefur félaginu innan framangreindra tímamarka, getur hvor aðili um sig lagt fram nýtt örorkumat á eigin kostnað innan 6 mánuða frá því að fyrri matsgerð barst félaginu. Frestur til framlagningar endanlegrar matsgerðar er þó aldrei skemmri en 3 ár frá slysdegi.

**2. KAFLI ÁBYRGÐARTRYGGING ÚTGERÐARMANNS****4. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Váttryggingin greiðir bætur vegna skaðabótaábyrgðar utan samninga sem fellur á váttryggðan eftir íslenskum réttarreglum og rakin verða til skyndilegs óvænnts atburðar vegna

- líkamstjóns sem rakið verður til gáleysis skipverja við störf í þágu skipsins eða vanbúnaðar þess.
- skemmda á munum í eigu annarra aðila en starfsmanna váttryggingartaka eða eigenda afla, farms eða annars, sem skipið flytur, sem verða af völdum gáleysis skipverja eða vanbúnaðar skipsins. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að tjónsatvikið beri að höndum um borð í skipinu eða á bryggju.

Aldrei greiðast þó bætur vegna skaðabótakröfu, sem váttryggður getur váttryggt sig gegn með venjulegum skilmálum húftryggingar fyrir hliðstæð skip. Ekki greiðast heldur bætur vegna skaðabótaábyrgðar útgerðarmanna (skipaeiganda) samkvæmt 171. gr. a. siglingalaga nr. 34/1985, að öðru leyti en því sem ákvæði 1. mgr. tekur til slíkrar ábyrgðar.

Váttryggingin tekur ekki til bótaábyrgðar, sem stofnast vegna loforðs frá váttryggðum um, að hann beri víðtækari ábyrgð en venjulega skaðabótaskyldu utan samninga. Sama gildir um samning sem felur í sér loforð um aðrar eða meiri bætur en leiðir af almennum reglum um ákvörðun bóta utan samninga.

**5. gr. Undanþágur**

Váttryggingin tekur ekki til:

- Tjóns á munum umfram það sem fram kemur í 4. gr.
- Slyss, sem verður við út- eða uppskipun, þegar aðrir en áhöfn vinna verkið.
- Útgjalda vegna læknishjálpar, hjúkrunar, ferðakostnaðar eða útfararkostnaðar skv. sjómannaöllum.
- Bóta skv. sjómannaöllum til skipverja fyrir eigur, sem glatast hafa eða skemmst við skipstapa, eldsvoða í skipi eða annað sjótjón.
- Fjárhæðar sem greiða hefði átt úr umsaminni eða lögboðinni atvinnuslysatryggingu, sem váttryggður hefur vanrækt að kaupa eða halda í gildi.
- Endurkröfu frá almannatryggingum.
- Tjóns sem skipið veldur með árekstri eða tjóns sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun þess, enda sé tjónið bein eða óbein afleiðing skemmda á munum eða líkamsmeiðsla og váttryggingartaki ábyrgur að lögum.
- Kostnaðar við að fjarlægja flak skipsins og kostnaðar við að komast hjá slíkum bótakröfum.
- Tjóns af völdum sprengiefnis eða eldfimra muna, sem fluttir eru á annan hátt eða í meira magni en lög leyfa.
- Tjóns sem beint eða óbeint stafar af eða leiðir af asbesti í hvaða formi eða magni sem er.

Félagið greiðir ekki skaðabótakröfu, sem fellur á útgerðarmann fiskiskips vegna starfsemi í landi, t.d. beitingar, frágangs, meðhöndlunar veiðarfæra eða annarra skyldra starfa, nema um annað hafi verið samið.

**6. gr. Tímatakörk**

Komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á váttryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en váttryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atviks, sem verður áður en váttryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á váttryggingartímanum.

**7. gr. Varúðarregla**

Váttryggðum er skylt að gæta þess, að við störf á skipi séu ekki aðrir en þeir, sem til þess hafa lögskilin réttindi.

**3. KAFLI FARANGURSTRYGGING****8. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Váttryggingin greiðir bætur vegna tjóns á persónulegum eignum skipverja, sem útgerðarmanni er skylt að bæta samkvæmt 69. gr. sjómannaöllum nr. 35/1985, sbr reglugerð nr. 224/1999. Bæturnar skulu nema sannvirði þeirra eigna, er farast eða eyðileggjast við sjóslys eða bruna, en takmarkast þó við eftirtaldir upphæðir:

Rúmlestir	Fiskiskip		Önnur skip
	8-75	Undir 75	Yfir 75
Til skipstjóra	Kr. 146.000	211.000	240.000
Til annarra yfirmanna	Kr. 146.000	199.000	227.000
Til annarra skipverja	Kr. 137.000	189.000	214.000
Ef skipverji býr ekki í skipinu	Kr. 73.000		

Upphæðir skulu breytast skv. vísitölu neysluverðs. Grunnupphæðir miðast við vísitölu neysluverðs í mars 1999 (185,4 stig)

## 4. KAFLI LÍFTRYGGING

### 9. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir, við andlát vátryggðs, þá vátryggingarfjárhæð sem í gildi var á andlátsdegi samkvæmt kjarasamningi að teknu tilliti til aldurs. Hafi vátryggður svipt sig lífi er skilyrði bótagreiðslu að hann hafi verið lögskráður um borð í skipi í eigu vátryggingartaka að lágmarki í 180 dag á sl. 12 mánuðum fyrir dánardag. Bætur greiðist ekki ef vátryggður deyr af slysförum og bætur greiðast úr slysatryggingu sjómanna. Þar sem eigi er á annan veg kveðið í skilmálum þessum gildir kjarasamningur.

### 10. gr. Réttthafi bóta

Bætur greiðast til eftirlifandi maka vátryggðs en að öðrum kosti eftirlifandi barna hans innan 18 ára að jöfnu. Með maka er hér einnig átt við sambúðarmaka samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 100/2007. Láti vátryggður ekki eftir sig maka eða börn skv. framansögðu skal greiða helming vátryggingarfjárhæðarinnar til dánarbús hans.

**Skilmálar þessir gilda frá 02.október 2019**